

**Efni: Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni). Þingskjal 1107 — 679. Mál**

Það að færa sjávargróður sem er í einkaeign undir lög um stjórn fiskveiða þar sem segir í fyrstu grein að nytjastofnar séu í sameign íslensku þjóðarinnar, er í raun dulin þjóðnýting og getur ekki samrýmt stjórnarskrá Íslands. Með þessu ákvæði yfirtaka stjórnvöld yfirráð og nýtingarstjórn á sjávargróðri innan netlaga sem eigendur sjávarjarða hafa haft fram til þessa, þetta er gert þrátt fyrir að stjórnvöld viðurkenni eignarrétt sjávarjarða á sjávargróðri innan netlaga, m.a. segir í jarðlögum 2. gr. nr. 81/2004 „Netlög merkja í lögum þessum vatnsbotn 115 metra út frá bakka stöðuvatns sem landareign liggur að, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar“.

Ákvæði um veiðigjöld af klóþangi í 7. gr. III. kafla í frumvarpi þessu standast ekki áður sett lög né heldur stenst það 72. gr. stjórnarskrár Íslands þar sem klóþang sem vex við Ísland stendur er innan netlaga og er þar með eign eiganda sjávarjarða samkvæmt lögum. Heimild til töku veiðigjalds samkvæmt lögum nr. 74/2012 byggir á 1. gr. laga nr. 116 /2006 „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar“ einnig skal minnt á 2. gr. sömu laga „Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.“ Hér er talað um fjöruborð en ekki flæðarmál enda hafa fjörur verið eign landeigenda allt frá Jónsbókarlögum. Þetta þýðir það að nytjastofnar sem lög nr. 116/2006 ná yfir eru fyrir utan fjöruborð.

Í 3. grein II. kafla í frumvarpi þessu kemur fram að 2. gr. laga nr. 116/2006 verði breytt þannig að sjávargróður sem er utan við fiskveiðilandhelgi Íslands (þ.e. ofan fjöruborðs) verði nú skilgreindur með nytjastofnum sem eru utan fjöruborðs í lögum um stjórn fiskveiða. Minnt skal á að skilgreining á fiskveiðilandhelgi Íslands breytist ekki við þetta, hér er því verið að innheimta veiðigjöld af sjávargróðri sem er utan við fiskveiðilandhelgi Íslands og er í eign sjávarjarða.

Þau rök að landeigendur muni ekki greiða veiðigjöld heldur verktakar við þangöflun halda ekki því algengt er að landeigendur sjái sjálfir um þangöflun og selji þangið til vinnslu, þannig hefur það verið allt frá byrjað var að nýta klóþang við Breiðafjörð á 7. áratug síðustu aldar. Eftirlit með öflun klóþangs og kortlagning á magni og útbreiðslu geta ekki réttlætt veiðigjöld á sjávargróðri í einkaeign. Rannsóknir á afleiðingum af þangslætti á lífríkið og endurvöxt þangs hafa þegar verið gerðar studdar reynslu manna á endurvexti eftir þangslátt, óreglulegir og óvæntir umhverfispættir sem ekki er hægt að sjá fyrir hafa hér mest áhrif á

endurvöxt svo sem lagnaðarís rekís stormar og öldurót. Vandséð er því hvað á að rannsaka hvað klóþang í fjörum varðar, hugsanlega má þó skoða hlutverk rekabangs á rek fiskseiða sem halda sig í þangfleckjum sem slitnað hafa upp úr fjörum og reka síðan í stórum flekkjum út úr Breiðafirði. Annað gildir hinsvegar um þara þar sem full ástæða er til að rannsaka áhrif öflunar þara í stórum stíl á viðkomu grásleppu sem vitað er að hrygnir í miklum mæli í þaraskógum svo og á aðra nytjastofna og seiði þeirra sem halda sig þar, brýn nauðsyn er því að rannsóknir á áhrifum af þaraöflun á lífríkið eigi sér stað áður en stórfelld öflunarleyfi á þara verða veitt.


5. grein í II. kafla frumvarpsins skal og mótmælt, þar sem segir m.a. að allir þ.m.t. landeigendur þurfi að kaupa sérstakt veiðileyfi til að nýta eign sína með skipum eða þrómmum, og er gert að hlíta í öllu ákvæðum um nýtingu sjávargróðurs eins og um sjávargróður í þjóðareign væri að ræða. Í 5. grein er og ákvæði sem skyldar alla aðila til að koma sjávargróðri til vigtunar á löggiltri hafnarvog. Þetta ákvæði er íþyngjandi fyrir landeigendur og þýðir aukinn og óþarfa kostnað fyrir aðila sem fullvinna eigin sjávargróður, í þessu sambandi skal minnt á að landeigandi getur sem hægst aflað og fullunnið þang og þara af landi sínu þar á staðnum að uppfylltum leyfum þar að lútandi, sem með þessu ákvæði er mjög verið að torvelda án lögmætra ástæðna. Hér skal bent á meðalhófsreglu stjórnarsýslulaga þar sem segir „Stjórnvald skal því aðeins taka íþyngjandi ákvörðun þegar lögmætu markmiði, sem að er stefnt, verður ekki náð með öðru og vægara móti. Skal þess þá gætt að ekki sé farið strangar í sakirnar en nauðsyn ber til.“

Það kemur og á óvart að ákvæði í 5. grein gildi ekki um söl og ekki um sjávargróður sem er ræktaður þó færa megi rök fyrir því að ræktun sjávargróðurs sé einmitt sá atvinnurekstur sem reglur þurfi að setja um.

Segja má að þetta staðfesti það að hér er ekki um almenn málefnaleg ákvæði að ræða heldur sérhagsmuna ákvæði sem sniðin eru að nýjum þörungaverksmiðjum sem vilja að stjórnvöld hlutist til um nýtingu á þangi og þara sem er í einkaeign. Hér er stjórnarsýslan sem semur þetta frumvarp auðsjáanlega að leitast við að yfirtaka umráðarétt landeigenda yfir þangi og þara sem hefur verið lögmæt eign og í fullum yfirráðum landeigenda fram að þessu. Frumvarp þetta stenst ekki áður sett lög né heldur stenst það 72. grein stjórnarskrá Íslands og er í raun þjóðnýting þó svo að viðurkennt sé að landeigendur eigi þessa eign áfram að nafninu til.

Þó svo stjórnvöld telji einhverjar ástæður fyrir lagasetningu þá má sú lagasetning ekki takmarka eða ganga á stjórnarskrárbundin réttindi manna.

Undirritaður er eigandi sjávarjarðar við Breiðafjörð og hefur stundað þangöflun með hléum frá árinu 1979



Biarni Kristjánsson

26.9.2016

Atvinnuveganefnd Alþingis

Félagsbúið Miðhrauni s.f., (Bryndís Guðmundsdóttir og Sigurður Hreinsson), Miðhrauni, Miklaholtshreppi, hefur falið mér að skrifa atvinnuveganefnd eftirfarandi: Umbj.m. hafa undirbúið verksmiðju til algínatframleiðslu á Miðhrauni. Byggt hefur verið 2000 fm. verksmiðjuhús, keyptar og settar upp vélar og skip. Þetta hafa umbj.m. gert í réttmætu trausti til þess að þeim væri heimilt að afla þangs og þara í Breiðafirði svo sem eins og þörungavinnslunni á Reykhólum. Umbj.m.átti í samskiptum við bæði Orkustofnun og atvinnuvegaráðuneytið um málið allt frá árinu 2014.

Í framhaldi af kynningu atvinnuvegaráðuneytisins fyrir hagsmunaðilum við Breiðafjörð ritaði ég ráðneytinu meðfylgjandi bréf hinn 7. mars 2016 og vísast til þess um athugasemdir umbj.m. við frumvarpið eins og það leit þá út.

Ekki alls fyrir löngu var umbj.m. boðaður á fund embættismanna í atvinnuvegaráðuneytinu og kynntar ófullbúnar hugmyndir um breytingar á því frumvarpi sem lagt hafði verið fyrir Alþingi í apríl sl. Ekki fengu umbj.m. afrit af tillögunum enda voru þær ófullbúnar og ekki ljóst hvers efnis lokatillögum yrðu.

Á föstudaginn var mælti ráðherra fyrir frumvarpinu frá því í apríl án þess að gera grein fyrir þeim breytingum sem ráðuneytið hyggst beita sér fyrir.

Eins og gefur að skilja er umbj.m. örðugt að koma á framfæri við nefndina sjónarmiðum sínum án þess að hafa aðgang að breytingatillögunum fyrirhuguðu. Umbj.m. fara þess á leit að þeim gefist kostur á að koma fyrir nefndina jafnskjótt og breytingatillögum liggja fyrir.

Þrátt fyrir ofangreint telur umbj.m. rétt að gera eftirfarandi athugasemdir og er tilefni þeirra atriði sem komu fram á tilvísuðum fundi í ráðuneytinu.

Svo virðist sem gert hafi verið ráð fyri einhvers konar forréttindum til handa þörungavinnslunni á Reykhólum. Lagt var til að verksmiðjan fengi undanþágur sem öðrum eru ekki ætlaðar. Slík sérmeðferð kann að vera andstæð ákvæðum stjórnarskrár um jafnræði og atvinnufrelsi. Tvímælalaust má telja að slík ráðstöfun myndi brjóta í bága við ákvæði samkeppnislaga, sem er m.a. ætlað að koma í veg fyrir einokun og fákeppni og tryggja aðgang nýrra aðila að atvinnugreinum, ekki síst þeim sem sæta einokun eða fákeppni.

Gæta þarf þess að auðlindagjald verði ekki svo íþyngjandi sem hlutfall af verðmæti þangs og þara að komi í veg fyrir að öflunin standi undir sér.

Ferill leyfisveitinga má ekki vera svo flókinn að spjöllum valdi.

Hafa verður í huga komi til svæðaskiptingar, að svæði eru misgjöful og veður ráða hvaða svæði verða nýtt hverju sinni. Erfitt er að ákveða svæði fyrir öflun þara á þessu stigi.

Ítrekuð er ósk umbj.m. um aðgang að breytingatillögunum og um leyfi til að koma fyrir nefndina og gera nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum.

1. 09/02/17

1. 09/02/17

1. 09/02/17

1. 09/02/17

1. 09/02/17

1. 09/02/17

1. 09/02/17

1. 09/02/17

Með virðingu  
Ragnar Aðalsteinsson hrl.



réttur

Réttur - Adalsteinsson & Partners

Klapparstíg 25-27

101 Reykjavík

Sími/Tel: +354 511 1206

Fax: +354 511 1207

[www.rettur.is](http://www.rettur.is)

[audur@rettur.is](mailto:audur@rettur.is)



Reykjavík, 7. mars 2016

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
101 Reykjavík.

[postur@anr.is](mailto:postur@anr.is)

**Efni: Frumvarp til breytinga á lögum á sviði sjávarútvegs – öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni.**

#### Inngangur

Félagsbúið Miðhrauni 2 sf. (kt. 510288-2039) hefur falið mér að koma á framfæri við yður eftirfarandi athugasemdum við drög að framangreindum drögum að frumvarpi um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni. Hagsmunir umbj.m. felast í því að hann hefur með miklum tilkostnaði stofnað til algínatverksmiðju að Miðhrauni 2 í Miklaholtshreppi. Tilgangurinn er að vinna algínat úr þangi og þara, sem aflað er á sunnanverðum Breiðafirði. Framleiðslan verður seld á erlendum mörkuðum en undirbúningur hafinn að frekari fullvinnslu framleiðslunnar hér á landi til að auka verðmæti hennar.

Þess skal og getið að ég hef fyrir hönd umbj.m. átt í samskipum við ráðuneytið vegna öflunarinnar, sbr. bréf mitt til ráðuneytisins dags. 7. ágúst 2015 og svar ráðuneytisins til mín dags. 18. ágúst 2015. Umrætt bréf mitt var ritað í framhaldi af bréfi umbj.m. til ráðuneytisins dags. 17. febrúar 2014, en við því barst ekki svar. Við nánari athugun komst umbj.m. að þeirri, að málið ætti lögum samkvæm heima í Orkustofnun og var stofnunin sammála því. Síðar komst ráðuneytið að því að málið ætti heima hjá því og mun það vera tilefni tilvísaðra draga að frumvarpi til laga um öflun sjávargróðurs.

#### Athugasemdir

- a. Lög nr. 116/2006 fjalla í öllum atriðum um fiskveiðar að því undanskildu að í 2. gr. laganna segir að nýtanlegur sjávargróður teljist til nytjastofna svo fremi sem sérlög gildi ekki um gróðurinn. Í greinargerð með frumvarpi til laganna segir m.a. um 2. gr.:

„Frumvarpið nær til nýtingar á lífrænum auðlindum, hvort sem er úr jurta- eða dýraríkinu, á hafsbotni eða í hafinu yfir honum, innan fiskveiðilandhelgi Íslands.“

Gallinn er hins vegar sá, að ekki er í lögnum nein útfærsla á því hvernig lögnum verður beitt um sjávarvargróður. Framkvæmd laganna heyrir undir Hafrannsóknarstofnun, Fiskistofu og ráðherra.

- b. Fyrrgreind ákvæði rekast á ákvæði 2. mgr. 1. gr. laga nr. 73/1991 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, en skv. 1. mgr. 2. gr. veitir Orkustofnun leyfi til að hagnýta efni á og við hafsbotninn utan netlaga.
- c. Lög nr. 57/1996 um umgengni við nytjastofna sjávar fjalla eingöngu um fiskveiðar í sjó í atvinnuskyni og eru því ekki sniðin að öflun sjávargróðurs. Framkvæmd laganna heyrir undir Fiskistofu.
- d. Lög nr. 74/2012 um veiðigjald fjallar skv. 2. gr. um álagningu gjalds til að mæta kostnaði við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu. Framkvæmd laganna heyrir m.a. undir veiðigjaldanefnd og samráðsnefnd um veiðigjöld, sem er skipuð þingmönnum.
- e. Með frumvarpsdrögum, sem eru til umsagnar, er leitast við að að setja lagareglur um öflun sjávargróðurs, m.a. með ákvæðum um
  1. öflun sjávargróðurs,
  2. flutning hans,
  3. löndum,
  4. skráningu í aflaskráningarkerfi Fiskistofu,
  5. rannsóknir á sjávargróðri,
  6. leyfi til öflunar sjávargróðurs frá skipi,
  7. skráningu leyfa,
  8. skýrslugerð til Fiskistofu um öflun sjávargróðurs í fjörum,
  9. færslu afladagbókar,
  10. löndun, vigtun og skráningu afla,
  11. eftirlit með veiðum,
  12. greiðslu veiðigjalds, kr. 1000 á tonn.
  13. reglugerðaheimild um skilyrðið um búnað skipa, merkingu afla, áhrif á sjávargróður og aðferðir við öflun þangs.
  14. samkomulag við landeigendur um heimild til öflunar,
  15. reglugerðaheimild um skiptingu nýtingarsvæða utan netlaga í afmörkuð svæði,
  16. takmörkun öflunar utan nýtingarsvæða,
  17. öflun umsagnar Hafrannsóknarstofnunar um svæðaskiptingu og öflun utan afmarkaðra svæða. Hér viðist vera gert ráð fyrir stýringu á nýtingu auðlindarinnar utan netlaga án þess að fyrir liggi í hverju sú stýring eigi að felast. Ef ég skil ákvæðið rétt er ekki lögð til stýring á öfluninni innan netlaga. Er ekki talin þörf á því. Ákvæðið verður að endursemjast af meir nákvæmni.
  18. að líta til búnaðar skips og öflunartækja við úthlutun leyfa,
  19. heimild til að veita þeim skipum forgang, sem hafa reynslu af nýtingunni.
  20. ákvörðun óbreytilegs veiðigjalds í lögum,



21. sviptingu leyfa til öflunar sjávargróðurs,
22. endurskoðun laganna fyrir 1. janúar 2019.

- f. Af framagreindu má ljóst vera að hin fyrirhuguðu lagaákvæði, sem varða öflun sjávargróðurs, verða afar óskýr með þeirri aðferð, sem fyrirhugað er að beita við lagasetninguna. Ákvæðin eru dreifð innann um ákvæði þriggja lagabálka og skortir því þegar af þeirri ástæðu samfellu. Sú löggjöf sem ákvæðin um öflun sjávargróðurs eru felld inní fjallar fyrst og fremst um fiskveiðar, en sú atvinna er gjörólík öflun sjávargróðurs. Þegar af þeirri ástæðu verður verulegum erfiðleikum bundið að túlka ákvæðin, þar sem allar reglur lagabálkanna fjalla um ólík álitaefni og því verður við túlkun lagaákvæðanna um sjávargróðurs ekki stuðst við innra samhengi löggjafarinnar sem ákvæðin standa í. Þá er þess að geta að þeir sem ætlað er sem stjórnvaldi að framkvæma kvæðin hafa fyrst og fremst sérþekkingu á fisveiðum og skyldum efnum en ekki öflun sjávargróðurs.
- g. Af framangreindu leiðir að óhjákvæmilegt er að hafna þeirri löggjafarleið sem lagt er til að farin verði og semja þess í stað sérstakt frumvarp um viðfangsefnið.
- h. Gerðar verða hér á eftir athugasemdir við einstök atriði í drögunum eins og þau eru sundurliðuð og lýst í kafla e hér að framan. Verður vísað til einstakra tölusettra liða hér á eftir. Ekki gefst þó í þessari umferð kostur á að fjalla um hvert einstakt atriði.
- i. **Um e 1-3.** Í 1. gr. frumvarpsins, svo og í 5. gr. (15. gr. A og 15 gr. B) er að finna víðtækar heimildir fyrir ráðherra til að setja reglugerðir um framkvæmd laganna. Mikið skortir á að nægar leiðbeiningar sé að finna í ákvæðunum þannig að ráðherra megi vera ljóst hversu langt hann megi ganga í reglusetningunni. Segja má að jaðri við framsal löggjafarvalds sem ekki samræmist ákvæðum stjórnarskrár um þriggreiningu valdþáttanna. Því þyrfti að afmarka nánar heimildir ráðherra.  
**Um e 4.** Það virðist ankannanlegt að skrá saman í eina skrá fiskveiðiafla og magn skorins þangs og þara. Væri ekki heppilegra að halda sérstaka skrá um öflun sjávargróðurs?  
**Um e 5.** Ákvæðið er of almennt og þyrfti að endursemja það þannig að tilgangur þess væri ljós.  
**Um e 6.** Hugtakið skip er ekki skilgreint, en skv. greinargerð er því ætlað að ná til sláttupramma. Þá er ætlunin skv. tillögunum að hver umráðamaður pramma sækir um leyfi, ef ég skil drögin rétt. Þetta er óheppilegt að flestu leyti og þarf að endurhugsa. Prammarnir eru notaðir við þangslátt innan netlaga. Skip eru hins vegar notuð utan netlaga við að flytja skorið þang og við öflun þara. Hvers vegnar er lagt til að skipa- og prammaeigendur afli öflunarleyfa? Þeir sem nýta auðlindina eru verksmiðjurnar, sem vinna úr sjávargróðrinum, þær semja við prammaeigendur um öflunina og einnig við landeigendur um leyfi til þangsláttar

innan netlaga. Öll rök hníga að því að verksmiðjurnar sæki um leyfin, en ekki prammaeigendur.

**Um e 7.** Lagt er til að haldin verði sérstök skrá hjá Fiskistofu um skipin og pramma. Hvað um skipaskrá og skipaeftirlit? Hver er afstaða skipaeftirlitsaðila.

**Um e 8.** Hér er fjallað um þá sem slá án pramma eða skips og talað um að afla sjávargróðurs „í fjörum“ Ekki ljóst hvað er átt við hér, einkum með hliðsjón af því að annars staðar er talað um netlög. Ef þessi hugtök eru misvísandi þarf að útskýra það.

**Um e 12.** Gjaldið kr. 1000 á tonn er að mér skilst upb. 25% af verðmæti innvígtaðs hráefnis. Allur samanburður við lágmarksgjald fyrir sjávarafla er ónothæfur. Þar gilda mjög flóknaðar reglur þar sem alls konar sjónarmið orka á gjaldið. Gjaldið af sjávarafla nálgast þó aldrei 25% af aflaverðmæti. Hér er skylt að líta til jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Ég skil það svo að gjaldið, sem renna á í ríkissjóð, sé réttlætt með því að ríkið sé talið eigandi auðlindarinnar utan netlaga. Það getur hins vegar ekki réttlætt að leggja gjaldið á landeigendur. Þeir eru einungis að nýta eigið land eða eigin jörð og þurfa ekki að gjalda ríkinu fyrir uppskeruna frekar en túnaslátt.

**Um e 13.** Reglugerðarheimild of opin.

**Um e 15.** Reglugerðarheimildin er of opin.

**Um e 16.** Hér þarf að kveða á um á hvaða málefnalegum sjónarmiðum ráðherra á að byggja reglusetningu sína og ákvarðanir.

**Um 17.** Hér viðist vera gert ráð fyrir stýringu á nýtingu auðlindarinnar utan netlaga án þess að fyrir liggi í hverju sú stýring eigi að felast. Ef ég skil ákvæðið rétt er ekki lögð til stýring á öfluninni innan netlaga. Er ekki talin þörf á því og þá hvers vegna. Ákvæðið verður að endursemjast af meiri nákvæmni.

**Um e 18.** Hvað er átt við með orðalaginu „lita til“? Það er ófullnægjandi að nota svo óljóst og teygjanlegt orðalag í löggjöf.

**Um e 19.** Hér er verið að draga inn sjónarmið úr fiskveiðistjórnuninni sem eiga ekki heima hér. Að auki er óheimilt við þessar aðstæður að mismuna aðilum á þann hátt sem ráðgert er. Verið er að búa til reglu um veiðireynslu og forgang á grundvelli hennar! Slíkur forgangur er andstæður jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar og atvinnufrelsisákvæði hennar. Ráðuneytinu hlýtur að vera kunnugt að eingöngu einn aðili mun njóta ákvæðisins, þ.e. sá aðili sem aflað hefur sjávargróðurs í Breiðafirði um áratugaskeið án þess að þurfa til þess leyfi og án þess að greiða auðlindagjald.

**Um e 20.** Um veiðigjaldið hefur þegar verið fjallað.

**Um e 21.** Þetta er úr fiskveiðistjórnunarlögunum og á ekki við hér

**Um e 22.** Gert er ráð fyrir að lögín haldi gildi í 2-3 ár og verði þá endurskoðuð. Gert er ráð fyrir að þá hafi verið aflað meiri þekkingar og reynslu og unnt verð að setja lög af meira viti og þekkingu en nú er.

- j. Það sem einkum háir drögum er tilraunin til að fella reglur um öflun sjávargróðurs undir lög um fiskveiðar. Það leiðir óhjákvæmilega til þess að löggjöfin verður óskýr og mun það leiða til margvíslegra túlkunarvandkvæða og þar af leiðandi ágreiningsmála. Þetta verður ekki leyst nema með samningu sérlega um málefnið.
- k. Drögin bera það með sér að ráðuneytið býr ekki frekar en aðrir yfir nægri þekkingu á viðfangsefninu. Endurskoðunarákvæðið ber það með sér. Því er lagt til að heildarlagasetningu verðið frestað þar til skilyrði til viðunandi lagasetningar er uppfyllt.

Ég er ásamt fulltrúum umbj.m. reiðbúinn að útskýra nánar framangreind sjónarmið, ef óskað verður.

Virðingarfyllst,

Ragnar Aðalsteinsson hrl.

Til Atvinnuveganefndar

Frá Ragnari Aðalsteinssyni hrl.

f.h. Félagsbúsins Miðhrauni sf.

Efni Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald.

Dags. 28. september 2016

1. Félagsbúið Miðhrauni sf., Miðhrauni, Eyja- og Miklaholtshreppi, hefur falið mér að koma á framfæri við atvinnuveganefnd eftirfarandi athugasemdum við greint lagafrumvarp.
2. Hagsmunir umbj.m. eru þeir að hann hefur þegar byggt verksmiðju og keypt vélar og sett upp í því skyni að vinna algínat úr þara og þangi. Jafnframt hefur verið keypt skip annars vegar til að sækja og flytja í land skorið þang og hins vegar til að afla og flytja þara. Stefnt er að því þegar fram líða stundir að vinna úr 4-8.000 t. af klóþangi og 9-20.000 t. af hrossaþara og stórþara.
3. Ég hef áður sent nefndinni fáeinar athugasemdir svo og afrit af bréfi mínu til atvinnuvegaráðuneytisins og vísast til þess sem þar segir eftir því sem við á.
4. Um frumvarpið verður almennt ekki hjá því komist að segja, að það verður nokkuð óskýrt með því að gera breytingar á lögum um nytjastofna, lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald. Viðfangsefni og lausnir í lögum um fiskveiðar í sjó eiga ekki alls kostar við um öflun sjávargróðurs utan og innan netlaga jarða. Líklega hefði verið hentara að semja sérlög um þessa öflun sjávargróðurs.
5. Í frumvarpinu er tilhneiging til að fela ráðherra ýmsar ákvarðanir þannig að jaðrar við framsal löggjafarvalds.
6. Í 7. gr. frumvarpsins er gerð tillaga um bráðabirgðaákvæði þess efnis að Þörungaverksmiðjan hf. skuli njóta forgangs umfram aðra umsækjendur um leyfi til að reka móttökustöð fyrir þang og nemi leyfið allt að 15.000 t. Hér er stjórnvaldsákvörðun klædd í búning löggjafar og er slíkt andstætt ákvæðum stjórnarskárinnar um þrískiptingu valdþáttanna. Það er ekki hlutverk löggjafans að taka stjórnvaldsákvæðanir um réttarstöðu einstakra aðila, heldur framkvæmdavaldsins. Lög eiga að vera almenn en ekki sértæk.

7. Heimilt er skv. lokaákvæði 5. gr. b að veita þeim skipum forgang til nýtingar sjávargróðurs utan netlaga, sem hafa reynslu af viðkomandi nýtingu. Ekki er alveg ljóst hvað ákvæði þetta merkir, en ef því er ætlað að ná til öflunar þara utan netlaga, þá beinist það eingöngu að Þörungaverksmiðjunni hf. Ákvæðið er því sam merki brennt og ákvæðið sem um er fjallað hér að framan í tölulið 6.
8. Þá er rétt að hafa í huga við ákvarðarnir í lögum um forgang einstakra aðila að opinberum gæðum, að slík ákvæði kunna að ganga í berhögg við ákvæði stjórnarskrár um jafnræði og vernd atvinnuréttinda. Enn fremur kann að vera í slíkum ákvæðum fólgin mismunun andstæð samkeppnislögum, en þeim er m.a. ætlað að koma í veg fyrir einokun eða fákeppni, sem útilokar að nýir aðilar komist að atvinnugrein.
9. Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að Fiskistofa veiti skipum leyfi til að afla sjávargróðurs. Álitamál er hvort ekki væri réttara að veita þeim sem frumvarpið nefnir „móttökustöðvar“, sem eru verksmiðjur þær, sem vinna úr sjávargróðrinum, leyfi til öflunar sjávargróðurs. Hvað sem öðru líður er eðlilegra að gefa út leyfi til eiganda eða útgerðamanns skips (sláttupramma), enda eru skip ekki lögaðilar. Til álita kemur hvort ekki telist rétt að skilyrða leyfi til eiganda sláttupramma því að hann hafi tryggt sér aðgang að þangi með samningum við landeigendur til nokkurs tíma og tryggt sér löndun aflans með samningum við móttökustöð. Ekki er þess getið hvort leyfi þessi skuli teljast framseljanleg.
10. Vakin er á því athygli að efnisákvæðin í 5. gr. c fjalla einungis um þang og þangöflun, svo og leyfi til móttöku þangs til þurrkunar og frekari vinnslu. Í frumvarpinu eru takmörkuð ákvæði um þara og öflun þara til úrvinnslu. Kemur tvennt til: að kveða nánar á um öflun þara eða að takmarka frumvarpið við þangöflun að svo stöddu.
11. Í greinaragerð með frumvarpinu og reyndar einnig í 7. gr. þess er tekið mið af aðstæðum í Breiðafirði. Umbj.m. hyggjast ekki einskorða öflun á þangi og þara við Breiðafjörðinn einan, heldur við strendur utan Breiðafjarðar, svo sem eins og í Faxaflóa.
12. Frumvarpið virðist gera ráð fyrir að vigtun afla fari fram í móttökustöð. Sú regla er of ósveigjanleg þar sem vinnsla mun að einhverju leyti fara fram um borð í skipi sem notað er bæði til flutninga og til öflunar þara.
13. Í 7. gr. frv. er gert ráð fyrir „veiðigjaldi“ af þangi og þara. Þess er fyrst að geta að sanngjarnt verður að teljast að nokkurt samræmi sé milli auðlindagjalds af þangi og þara annars vegar og t.d. af þorski hins vegar. Svo er ekki skv. frumvarpinu. Þá er þess að geta að Þörungaverksmiðjan

hefur fengist við öflun og úrvinnslu þangs og þara í upb. 40 ár án endurgjalds til ríkisins. Sanngjarnt er að nýir aðilar fái undanþágu frá gjaldinu fyrstu 10 starfsárin. Þá er og rétt að minna á að skv. 5. gr. c í frumvarpinu er heimilt við mat á leyfisumsóknum að líta m.a. til „framlags til rannsókna á þangi og vistkerfi stranda“ ofl. Þarna kemur augljósslega til verulegur kostnaður sem beint og óbeint verður lagður á þá sem sækja um leyfi til starfrækslu móttökustöðvar fyrir þang.

14. Við úthlutun svæða fyrir þaratöku er nauðsynlegt að gæta að sveigjanleika og þess að fleiri en einn geti nýtt sama svæðið. Öflunarskip rista mjög misdjúpt, t.d. ristir skip umbj.m. 90 cm en skip Reykhóla verulega dýpra. Þá skiptir veðurfar og miklu um öflunina.
15. Í frumvarpinu er bæði skip í hefðbundinni merkingu og sláttuprammar kölluð einu nafni skip. Þetta kanna að valda ruglingi og betra væri að nefna sláttuprammana því nafni.
16. Gert er ráð fyrir að verði frumvarpið að lögum þá taki þau gildi 1. mars 2017. Samkvæmt því er ekki brýnt að samþykkja frumvarpið nú, helur mætti yfirvega það nánar og samþykkja fyrir þann tíma.

Atvinnuveganefnd Alþingis

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

101 Reykjavík

Stykkishólmi, 29. september 2016

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna**

**sjávar, lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni), þskjl. 1107-679. mál**

Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi ítrekar sínar fyrri athugasemdir (4. mars 2016) um frumvarp þetta, sem er efnislega hið sama og fyrri umsögn fjallaði um. Þá er vakin athygli þingmanna á því að þá skiluðu a.m.k. 18 aðilar inn umsögn. Sömu sjónarmið eiga við um þessa útgáfu frumvarpsins og hina fyrri og verður tæpt á nokkrum þeirra hér.

Leggja verður meiri áherslu á vistkerfið í heild sinni þegar talað er um að nýting sé talin sjálfbær, en nýting getur ekki talist sjálfbær nema allir stofnar lífvera, þ.e. bæði fyrirhugaðar **nytjategundir** (þang og þari) og **tegundir lífvera sem lifa á eða í nytjategundum** (s.s. krabbadýr, botndýr, fiskar, fuglar og spendýr) haldi velli þrátt fyrir nýtinguna. Öll umræða til þessa hefur miðað að rannsóknum að nytjategundum. Nauðsynlegt er að rannsaka áhrif þaratöku á lífríkið í heild sinni, eigi að vera hægt að taka afstöðu til þess hvort að þaranýting geti talist sjálfbær. Nytjategundirnar mynda umhverfi fyrir flókin vistkerfi, uppeldisstöðvar fiska og búsvæði ýmissa sjávardýra. Frumvarp og reglugerðir verða að taka á þessum atriðum.

Ekki er tekið tillit til ólíkra visfræðilegra þarfa þarategundana, vaxtarviðbragða við þangslætti og þaratöku, né ólíks vistkerfilegs mikilvægis klóþangs annars vegar og þara hins vegar. Í greinargerð Karls Gunnarssonar með frumvarpsdrögum segir: „Um þessa mundir eru nýttir tveir hópar stórra brúnþörungna hér við land. Annars vegar þang úr fjörunni, fyrst og fremst klóþang og hins vegar þari, sem vex neðan fjöru, hrossþari og stórþari. Þessir tveir hópar eru gerólikir hvað varðar líffræði, vöxt og vaxtarstaði.“ Skýra þarf betur ábyrgð og aðfarir að þessum tveimur vistkerfum og taka tillit til ólíkra eiginleika þeirra.

Sértækar athugasemdir:

1) bls. 1, I. Kafli, 1. grein. „Við öflun sjávargróðurs er ekki skylt að skilja meðafla frá“, en ráðherra er heimilt að setja um það reglugerð. Er eindregið hvatt til þess að lögin kveði á um, að meðafla verði skráður til að meta meggi áhrif þaratöku á lífríki. Er það í raun forsenda þess að áhrif þaratöku á lífríki sé vakt að sbr. hugmyndir um rannsóknir til að tryggja sjálfbæra nýtingu. Hér skal bent á, að ekki þyrfti endilega að hirða allan meðafla, en mjög æskilegt væri að taka hlutsýni úr afla og nota þau til að skrá meðafla, a.m.k. tegundir sjávardýra og plantna og reyna að meta algengi þeirra.

2) 1) II. Kafli, 5. Grein, bls. 2: Svæði til nýtingar: Sjálfbær nýting þarategunda er háð því að sláttusvæði fái hvíld eftir sláttur og þar sé ekki slegið með of stuttu millibili. Hvíld sláttarsvæða í 3-6 ár hefur verið talin tryggja endurvöxt og þar með sjálfbæra nýtingu þarategunda. Vísað er til þessara reynslu frá Reykhólum í frumvarpsdrögum og eins hafa þau verið áberandi í umræðunni. Því vekur furðu, að ekki séu lögð til hvíldarákvæði fyrir sláttursvæði. Því ætti að bæta við ákvæðið „Svæði til nýtingar“, setningum um að sláttarsvæði skuli hvíld í 4-5 ár milli slátta, eða eftir því sem hentar hverri þarategund fyrir sig sbr. greinargerð Karls Gunnarssonar hjá Hafrannsóknastofnun, um þang og þara, sem fylgir frumvarpsdrögum. Þessi hvíldarákvæði mætti síðan endurskoða m.t.t. rannsóknaniðurstaða að nokkrum árum liðnum, enda byggja þessar venjur ekki á rannsóknum eða mælingum, heldur reynslu kynslóðanna.

#### **Auk ofantaldra skal núna bent á eftirfarandi atriði:**

Ráðherra sagði í 1. umræðu að samþykkt frumvarps sé ekki jafngild því að nýting sé heimil. Þessi fyrirvari er þýðingarmikill en þó þarf að skýra betur hvaða skref eru eftir eða koma næst, og hvaða öðrum lögum þörungatakan er háð einnig. Frumvarpið fjallra ekki um sjálfbærni eða áhrif á umhverfi eða lífríki, enda taka lög um stjórn fiskveiða ekki til þessara þátta. Hins vegar eru til sérlög um Breiðafjörð (1995 nr. 54 8. mars), sem í þessu ferli þarf endurskoða og uppfæra, þ.e. lög um vernd Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Í þessum lögum kemur orðið „lífríki“ aðeins fyrir tvisvar sinnum.

Tilgreind eru hlutverk Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar. Hafró hefur of þröngt hlutverk til að geta verið eina rannsóknastofnunin til að meta áhrif þangtöku á lífríki Breiðafjarðar, því hlutverk Hafró er ekki að rannsaka lífríkið sem heild heldur eingöngu afdrif nytjategunda (í þessu tilfelli þangs og þara), og engin vistkerfisnálgun í boði þaðan. Fleiri stofnanir þurfa að koma til að meta áhrif á heildar lífríki Breiðafjarðar. Í því sambandi má nefna 7. grein lögunum um Breiðafjörð:

*„7. gr. Með rannsóknum á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands, náttúrustofu Vestfjarða og náttúrustofu á Vesturlandi, sbr. lög nr. 60/1992, skal markvisst unnið að því að auka þekkingu á náttúru Breiðafjarðarsvæðisins til að tryggja sem best verndun þess. Breiðafjarðarnefnd skal í samráði við þessa aðila láta gera áætlun um æskilegar rannsóknir á svæðinu og endurskoða hana reglulega.“*

**Ráðherra getur með reglugerð heimilað framangreindum stofnunum að standa sameiginlega að starfrækslu náttúrufræðistofnunar á svæðinu á grundvelli laga nr. 60/1992. Rannsóknastöðin getur leitað eftir fjárstuðningi innlendra og erlendra aðila við starfsemi sína og einstök verkefni.“**

Bent skal á, að Hafrannsóknastofnun er aldrei nefnd í lögunum um vernd Breiðafjarðar en nefndar eru 2 náttúrustofur, Náttúrufræðistofnun og Umhverfisstofnun. Til greina kemur að þessir aðilar sameinist um Náttúrufræðistofnastöð, en ein slíkt hefur vaktað lífríki Mývatns í 40 ár og náð að greina áhrif af völdum umhverfis- og samfélagsbreytinga. Slík vöktun ætti að fara fram í Breiðafirði þar sem lykiltægundir í lífríki eru vaktaðar, bæði á þangvinnslu- og verndundarsvæðum.



Málið þarfnast í raun aðkomu umhverfis- og auðlindaráðuneytis. Í ljósi þess að þörungavinnsla er unnin bæði innan netlaga og uppi í fjöru, þarf að kanna hvort hún ætti að vera háð mati á umhverfisáhrifum því þessi vinnsla á sameiginlegt með framkvæmdum á landi. Núverandi nálgun gerir ráð fyrir að heimfæra stjórnun fiskveiða á stýringu þörungavinnslu en tekur í engu tillit til sjálfbærni auðlindar eða áhrifa á stofna aðra en þang og þara.

Með þessum pósti er einnig lagt fram athugasemdaskjalið frá í mars sl.

Jón Einar Jónsson (sign)

Forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi

## Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Snæfellsnesi, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi

### Athugasemdir um drög að frumvarpi til laga (drög 15.2. 2016), um breytingu á lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og nr. 74/2012 um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni 2016-2019) - Í vinnslu – 15. febrúar 2016

#### Almennar athugasemdir:

Það er jákvætt að tekið sé á þessum málaflokki en um leið brýnt að vandað sé til verka, enda eru margir fletir á málinu, s.s. hagsmunir lífríkis og landeigenda. Eins mætti væntanleg löggjöf taka til landsins alls, þó mest sé af búsvæðum þörungum og tengds lífríkis við Breiðafjörð.

Leggja verður meiri áherslu á vistkerfið í heild sinni þegar talað er um að nýting sé talin sjálfbær, en nýting getur ekki talist sjálfbær nema allir stofnar lífvera, þ.e. bæði fyrirhugaðar **nytjategundir** (þang og þari) og **tegundir lífvera sem lifa á eða í nytjategundum** (s.s. krabbadýr, botndýr, fiskar, fuglar og spendýr) haldi velli þrátt fyrir nýtinguna. Öll umræða til þessa hefur miðað að rannsóknum að nytjategundum. Nauðsynlegt er að rannsaka áhrif þaratöku á lífríkið í heild sinni, eigi að vera hægt að taka afstöðu til þess hvort að þaranýting geti talist sjálfbær. Nytjategundirnar mynda umhverfi fyrir flókin vistkerfi, uppeldisstöðvar fiska og búsvæði ýmissa sjávardýra. Frumvarp og reglugerðir verða að taka á þessu atriði.

T.d. er ljóst að klóþangsbreiður eru ungauppeldistöðvar fyrir æðarfugl (Hamilton 2001), sem er mikilvæg nytjategund sökum dúntekju og nýtur margs konar verndar skv. íslenskum lögum. Litlir æðarungar lifa nær eingöngu á marflóm (Amphipoda) sem lifa aðeins í klóþangi en ekki öðrum þangtegundum (Arnþór Garðarsson o.fl. 1980, Hamilton 2001). Fram að 3 vikna aldri leita æðarungar að marflóm í flótþekju (enska: canopy) klóþangs, fremur en að kafa eftir botndýrum, líkt og fullorðnir æðarfuglar. Þegar klóþangs nýtur ekki við, kafa eldri æðarungar en það geta yngstu ungarnir ekki. Við þangskurð er hætt við að flótþekja klóþangs minnki og þar með minnkar sá tími dagsins sem þangið er í flæðarmáli og þar með aðgengilegt æðarungum (Hamilton 2001). Mælt er með því, að klóþangskurður forðist að breyta hæð eða umfangi klóþangsbreiðana, eins að þangprammar forðist að trufla æðarmæður með unga, þar sem slíkt eykur möguleika máfa á að éta ungana. Því væri æskilegt að skilgreina verndarsvæði æðarfugls þar sem allra minnst er hróflað við klóþangi, t.d. Vatnsfjörð og nágrenni og eins mætti afmarka nytja- og verndarreiti víða í Breiðafirði, t.d. í nágrenni Reykhóla, á Skarðsströnd og í grennd við Stykkishólmi. Ekki færri en 20 þúsund æðarpör verpa við Breiðafjörð (Jón Einar Jónsson og Árni Ásgeirsson 2015) og má jafnvel áætla að þar verpi 40-80 þúsund pör (Arnþór Garðarsson 1973). Breiðafjörður er eitt mikilvægasta varpsvæði æðarfugls á Íslandi (Jón Einar Jónsson o.fl. 2015). Telja má víst, að stórfelld aukning í nýtingu klóþangs geti dregið úr nýliðun í varpstofni æðarfugls í Breiðafirði. Varp æðarfugls er einn óvissuþátta við aukna þaranýtingu sem þarf að taka tillit til við

verndun og nýtingu Breiðafjarðar. Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þeirra hlunninda sem æðarfugl veitir landeigendum.

Þá eru áhrif á fiskistofna, s.s. hrognkelsi og ungvíði þorsks og ufsa einnig umhugsunarverð og e.t.v. varasöm, en þessir fiskar eru háðir því að fela sig fyrir rándýrum undir skjóli þangs og þara (Rangeley og Kramer 1995, 1998). Ýmis svæði í Breiðafirði eru líkleg uppeldissvæði þorsks, og eins má telja að smáfiskar á grunnsævi standi undir stofnum dílaskarfs og toppskarfs, sem báðir eru fiskiætur. Hrognkelsi (grásleppa) er mikið veidd tegund við Breiðafjörð að sumarlagi og áhrif þörungatekju á vaxtarsvæði, nýliðun og lífsskilyrði ungvíðis og fullorðinna fiska eru með öllu óþekkt.

Ekki er tekið tillit til ólíkra visfræðilegra þarfa þarategundana, vaxtarviðbragða við þangslætti og þaratöku, né ólíks vistkerfilegs mikilvægis klóþangs annars vegar og þara hins vegar. Í greinargerð Karls Gunnarssonar með frumvarpsdrögum segir: „Um þessa mundir eru nýttir tveir hópar stórra brúnþörungna hér við land. Annars vegar þang úr fjörunni, fyrst og fremst klóþang og hins vegar þari, sem vex neðan fjöru, hrossaþari og stórþari. Þessir tveir hópar eru gerólikir hvað varðar líffræði, vöxt og vaxtarstaði.“ Skýra þarf betur ábyrgð og aðfarir að þessum tveimur vistkerfum og taka tillit til ólíkra eiginleika þeirra.

Skýra þarf með mun nákvæmari hætti, hvernig skuli staðið að vöktun og rannsóknnum á umhverfisáhrifum þörungatekju. Eins ættu lög eða reglugerð að kveða á um, hvernig fag- eða eftirlitshópar verði skipaðir, af hverjum og til hvaða verka. Í frumvarpsdrögum er vísað til samkomulags Hafrannsóknastofnunnar og þörungavinnslufyrirtækjana Deltagen, Miðhrauns og að Reykhólum (Stykkishólmi, nóvember 2015), en þær fyrirætlanir eru óskilgreindar í dag. Æskilegt er að efnistöð þessa samkomulags, eða annarra svipaðra samkomulagsgerða komi fram með frumvarpi eða reglugerð, sem viðaukar eða fylgiskjöli. **Þá vantar að skilgreina aðkomu, hluverk, verklag og nálgun Fiskistofu nákvæmlega, enda margt við þaratöku sem er ekki endilega skilgreint þar í dag. Eins þarf að tryggja, að allar rannsóknir séu á forræði óháðra vísindamanna, sem eiga engra hagsmuna að gæta við mat á sjálfbærni þaratekju eða áhrifum hennar á lífríki, landgæði eða hlunnindi.**

Hvað varðar grundvallar þekkingu, vantar enn sömu grundvallar upplýsingar og þegar þörungatekja hófst fyrir 40 árum, til dæmis:

- 1) Það skortir yfirlitskort sem sýnir uppskerumagn þörungna (þara og klóþangs) á Breiðafirði og breytileika í framleiðni frá ári til árs.
- 2) Það skortir nákvæmari upplýsingar um þangtekju / þaratekju 1974-2015. Einkum upplýsingar um mismunandi sókn og afla eftir svæðum, sem og yfirlitskort yfir þá staði sem hafa verið nýttir.
- 3) Það vantar beinar mælingar á áhrifum þangskurðar og þaraskurðar, bæði á þang og þara og svo það lífríki sem lifir á, við eða undir þessum tegundum.

Þá er bent á gagnlegar tillögur í skýrslu, sem unnin var upp úr fundi 24 sérfræðinga í Stykkishólmi (Róbert A. Stefánsson o.fl. 2008), sem ályktaði svohljóðandi: „*Bæta þarf verulega þekkingu á grundvallarþáttum í lífríki Breiðafjarðar og undirstöðum þess. Niðurstaða fundarins var því að leggja til að ráðist verði í tvö viðamikil undirstöðuverkefni*

sem allra fyrst. Annað þeirra felur í sér kortlagningu á botni og fjörum Breiðafjarðar með hliðsjón af umhverfisþáttum, botngerð og samfélögum. Hitt felur í sér að rannsaka uppruna og afdrif kolefnis í firðinum, þ.e. orku- og næringarefnaflæði í gegnum fæðukeðjur“ Telja má fullvíst að bæði þessi verkefni myndu nýtast bæði í vistfræðilegum rannsóknum og hverjum þeim aðgerðum sem þarf til nýtingar náttúruauðlinda í Breiðafirði.

### Sértækar athugasemdir:

1) II. Kafli, 5. Grein, bls. 2: *Svæði til nýtingar*: Sjálfbær nýting þarategunda er háð því að sláttusvæði fái hvíld eftir sláttur og þar sé ekki slegið með of stuttu millibili. Hvíld sláttarsvæða í 3-6 ár hefur verið talin tryggja endurvöxt og þar með sjálfbæra nýtingu þarategunda. Vísað er til þessara reynslu frá Reykhólum í frumvarpsdrögunum og eins hafa þau verið áberandi í umræðunni. Því vekur furðu, að ekki séu lögð til hvíldarákvæði fyrir sláttarsvæði. Því ætti að bæta við ákvæðið „Svæði til nýtingar“, setningum um að sláttarsvæði skuli hvíld í 4-5 ár milli slátta, eða eftir því sem hentar hverri þarategund fyrir sig sbr. greinargerð Karls Gunnarssonar hjá Hafrannsóknastofnun, um þang og þara, sem fylgir frumvarpsdrögunum. Þessi hvíldarákvæði mætti síðan endurskoða m.t.t. rannsóknaniðurstaða að nokkrum árum liðnum, enda byggja þessar venjur ekki á rannsóknum eða mælingum, heldur reynslu kynslóðanna.

2) bls. 1, I. Kafli, 1. grein. „Við öflun sjávargróðurs er ekki skylt að skilja meðafla frá“, en ráðherra er heimilt að setja um það reglugerð. Er eindregið hvatt til þess að lögin kveði á um, að meðafla verði skráður til að meta megí áhrif þaratöku á lífríki. Er það í raun forsenda þess að áhrif þaratöku á lífríki sé vaktað sbr. hugmyndir um rannsóknir til að tryggja sjálfbæra nýtingu. Hér skal bent á, að ekki þyrfti endilega að hirða allan meðafla, en mjög æskilegt væri að taka hlutsýni úr afla og nota þau til að skrá meðafla, a.m.k. tegundir sjávardýra og plantna og reyna að meta algengi þeirra.

3) bls. 4, undir athugasemdir: „Í fyrsta lagi er þangsláttur stundaður með sjálfbærri aðferð, þar sem klippt er ofan af plöntum sem vaxa upp í fyrri stærð á fáum árum, en löng reynsla er af þessari aðferð.“ Hér skal enn bent á, að aðferðin getur ekki talist sjálfbær nema að 4-5 ár líði milli slátta á hverri sláttareiningu, sbr. athugasemd 1).

4) bls. 5, undir athugasemdir. „Í öðru lagi eru mörg svæði sem sláttuprammar geta ekki nýtt, vegna aðstæðna, s.s. vegna landslags eða strauma.“ – Skv. þessu virðast menn ætla að treysta á að svæði, óaðgengileg fyrir þangskurðarpramma, muni tryggja að ákveðin vaxtarsvæði þangs eða þara verði sjálfkrafa undanskilin þaratöku. Þessi nálgun þarfnast nauðsynlegra skýringa á óvissuþáttum: 1) umfang hinna óaðgengilegu svæða er óþekkt (a.m.k. ekki tekið fram í frumvarpinu) og þyrfti að vera kortlagt, svo meta megí hversu mikið af lífmassa eða flatarmáli þarategunda verndast á þennan máta; 2) meta þarf hvort að þessi svæði teljist jafn mikil kjörsvæði fyrir lífríki (séu jafn góð búsvæði) og væntanleg nýtanleg svæði, m.t.t. vaxtarskilyrða þarategunda og þess lífríkis sem treystir á þarategundirnar sem búsvæði; 3) þekktur er svipaður þankagangur úr skelvinnslu við Breiðafjörð undir lok 20. aldar: menn tóku að sækja í ný veiðisvæði og beita stórtækari veiðiaðferðum, þegar afli minnkaði á hefðbundnum svæðum, en sóttu þá í áður „óaðgengileg svæði“ með stórvirkari

tækjabúnaði. Því þarf að tryggja að óaðgengileg svæði hafi þekkt umfang, séu ekki óskilgreind og að þeim verði tryggð einhver vernd í lögum um þaratöku.

4) bls. 5, undir athugasemdir, „Í þriðja lagi vex þang einvörðungu í fjörunni, innan netlaga sjávarjarða. Landeigendur hafa mikla möguleika á því að stýra nýtingu fyrir landi sínu með ábyrgum hætti, hvort sem er einir sér eða í samstarfi við aðra landeigendur.“ Hér er gefið í skyn, að landeigendur geti myndað mögulegt mótvægi við umhverfisáhrif þaratöku, með því að reikna með að sumir þeirra munu neita eða takmarka þaratöku aðilum aðgang. Hér vantar að gera ráð fyrir að landeigendur geti tekið upplýstar ákvarðanir, m.a. vegið og metið möguleg umhverfisáhrif eða áhrif á náttúrufar eða lífríki. Ekki er víst að allir landeigendur sé jafn staðkunnugir, enda eru þeir ekki allir með búsetu á svæðinu árið um kring. Tenging landeiganda við jarðir verður breytileg eftir þeirra eigin landnóttun (s.s. æðardúntekju eða fjörubeit), persónulegum efnahag eða tilfinningalegum tengslum við landareignir. Til að tryggja sem jafnast hæfi landeigenda til að meta hvort eða hvaða umfang þaratöku sé rétt að leyfa, skuli tryggð upplýsingagjöf til landeigenda, s.s. aðgengi að rannsóknaniðurstöðum og upplýsingar um áhrif þaratöku á lífríki. Skilgreina þarf hvaða aðilar beri ábyrgð á því að upplýsa landeigendur, þ.e. hvort sú ábyrgð liggi hjá stjórnvöldum eða nýtingaraðilum. Eins þarf að vera á hreinu, hversu langt út í sjó eignarréttur landeigenda náir, þ.e. hvort miðað sé við mörk stórstraumsfjöru eða önnur mörk.

## Heimildir

Arnþór Garðarsson. 1973. Fuglastofnar og selir á Breiðafirði. Bráðabirgðaskýrsla, október, 24. Bls. Náttúrufræðistofnun Íslands.

Arnþór Garðarsson, Ólafur K. Nielsen og Agnar Ingólfsson. 1980. Rannsóknir í Öndarfirði og víðar á Vestfjörðum 1979. Fuglar og fjörur. Líffræðistofnun Háskóla Íslands. Fjölrit nr. 12.

Hamilton, D.J. 2001. Feeding behavior of Common Eider ducklings in relation to availability of rockweed habitat and duckling age. *Waterbirds* 24:233-241.

Jón Einar Jónsson og Árni Ásgeirsson. 2015. Ekki færri en 20 tuttugu þúsund kollur verpa í Breiðafirði. *Breiðfirðingur* 63:131-133.

Jón Einar Jónsson, Þórður Örn Kristjánsson, Árni Ásgeirsson & Tómas G. Gunnarsson. 2015. Breytingar á fjölda æðarhreiðra á Íslandi. *Náttúrufræðingurinn* 85: 141–152.

Rangeley R.W. og Kramer D.L. 1995. Use of rocky intertidal habitats by juvenile pollock *Pollachius virens*. *Marine Ecology Progress Series* 126:9-17.

Rangeley R.W. og Kramer D.L. 1998. Density-dependent antipredator tactics and habitat selection in juvenile pollock. *Ecology* 79: 943-952.

Róbert A. Stefánsson, Menja von Schmalensee og Kristinn Haukur Skarphéðinsson (ritstj.) 2008. Rannsóknir og vöktun á lífríki Breiðafjarðar. Niðurstöður sérfræðingafundar í Stykkishólmi 12.-13. september 2007. Vefslóð:

[http://www.breidafiordur.is/utgafa/rannsoknaetlun/Rannsoknir\\_og\\_voktun\\_a\\_natturu\\_Breidafjardar.pdf](http://www.breidafiordur.is/utgafa/rannsoknaetlun/Rannsoknir_og_voktun_a_natturu_Breidafjardar.pdf) skoðað 29. febrúar 2016.

Stykkishólmi, 4. mars 2016

Jón Einar Jónsson (sign)

Forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Snæfellsnesi

***Samtök eigenda sjávarjarða.***

**Pósthólf 90,**

**780 Hornafirði.**

[ses.netlog@gmail.com](mailto:ses.netlog@gmail.com)

Atvinnuveganefnd Alþingis.

Hr. Jón Gunnarsson, formaður.

[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

[jong@althingi.is](mailto:jong@althingi.is)

[postur@anr.is](mailto:postur@anr.is)

Hornafirði, 2. október 2016.

Vísað er í meðfylgjandi athugasemdir, dags. 29. febrúar 2016.

Í ljós hefur komið að málefnið sem þar er getið um er komið til atvinnuveganefndar Alþingis en fyrrgeindar athugasemdir Samtaka eigenda sjávarjarða eru ekki með þar.

Farið er fram á að tillit verði tekið til þessara athugasemda og þær hafðar til hliðsjónar við vinnslu.

Virðingarfyllst,

f.h Samtaka eigenda sjávarjarða

Ómar Antonsson, formaður.

Meðfylgjandi:

Athugasemdir sendar til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins 29. febrúar 2016.

[postur@anr.is](mailto:postur@anr.is)

## Efni: Frumvarp til breytinga á lögum á sviði sjávarútvegs – öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni

### Inngangur:

Eftir að frumvarpsdrög sem fjalla um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni lágu fyrir var eigendum auðlindarinnar sem fjallað er um í frumvarpinu fyrst boðið að koma með athugasemdir við frumvarpið. **Ekkert samráð var haft við SES við samningu frumvarpsins. SES eru samtök eigenda sjávarjarða og jafnframt fulltrúi lang stærsta hagsmunaaðilans.**

Samkvæmt upplýsingum úr ráðuneytinu kom þröngur hópur ráðuneytismanna og aðila sem hyggjast nýta þessa auðlind í hagnaðarskyni að samningu frumvarpsins.

Það kom fram á kynningarfundum á vegum ráðuneytisins sem haldinn var 24. febrúar s.l. að ekki væru til neinar reglur um sjávargróður. Það er ekki rétt því eignarréttar reglan sem er stjórnarskrárvarin er í fullu gildi. Þari og þang er eign eigenda sjávarjarða og því ætti að vera eðlilegt að eigendur auðlindarinnar semji sjálfir við þá sem hafa áhuga á að nýta hana.

Hraðinn á þessu verkefni er óeðlilega mikill, það á að koma frumvarpinu í gegn á þessu þingi. Þarinn er búinn að vera til staðar alla tíð og engin vandamál fylgt honum. Það er mjög alvarlegt ef ekki á að bíða þar til búið er að rannsaka lífríki þaraskóganna. Hvernig á annars að vera mögulegt að kanna afleiðingar af þaravinnslu ef engar grunnrannsóknir liggja fyrir.

Það alvarlegasta að mati SES, sem berst fyrir hagsmunum eigenda sjávarjarða er að það á ekki að nota rétta skilgreiningu á netlögum í frumvarpinu, en netlögin eru stjórnarskrárvarin eign eigenda sjávarjarða. Samkvæmt Jónsbókarlögum skal miða netlög við **dýpi á stórstraumsfjöru** sem er samkvæmt útreikningum í fornyrðaskýringum Páls Vídalíns, lögspekings 12 álnir sem gera í metrakerfinu **6,88 metra dýpi**.

Í fyrstu frumvarpsdrögunum var talað um 113 metra netlög en því var svo kippt út og bara talað um netlög. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að netlögin sem miðað verði við séu 60 faðmar eða 115 metrar út frá stórstraumsfjöruborði. Þarna er um seinni tíma fjarlægðarreglu að ræða sem sett var með veiðitilskipuninni 1849 og gildir aðeins um veiðar á fuglum og dýrum með heitt blóð **en gildir alls ekki um þara og fiskveiðar**.

Á fundinum sem haldinn var á vegum ráðuneytisins til að kynna drögin kom einnig fram að menn ætluðu bara að nota hugtakið „netlög“ í drögunum en ekki tilgreina stærð þeirra að þessu sinni til að hægt væri að koma þessu með hraði í gegnum þingið. Það væri svo hægt að læða 115 metrnum inn seinna. Þetta er undirförul og óábyrg framkoma og eingöngu til þess fallin að ganga á eignarrétt landeigenda.

Það er einnig mjög alvarlegt að engin rannsóknarvinna á lífríkinu hefur átt sér stað og aðeins vísað í að allt hafi gengið vel í 40 ára sögu þangvinnslu í Breiðafirði. Þaraskógarnir á Íslandi gegna veigamiklu hlutverki í lífríki Íslands (**Sjá Fylgiskjal 1.**), þeir eru heimili fjölda tegunda og eru uppeldisstöðvar smáfiska. Sjávargróðurinn dregur úr ofsa sjávarins og þar með úr landbroti í fjörum sem víða er að valda stórkaða meðal annars á fornminjum.



Þari sem rekur á fjörur gegnir mikilvægu hlutverki sem fjörubeit og er einnig notaður sem áburður á tún og í matjurtagarða bænda. Þari sem er tekinn í báta og farið með í burtu rekur ekki á fjörur.

Á sama tíma og Norðmenn eru að friða þaraskóga sína ætla íslenska ríkið að stuðla að eyðingu þeirra á kostnað heildarhagsmuna alls lífríkisins.

Furðulegt er einnig að troða þessu inn í lög um nytjastofna sjávar og miða við „veiðireynslu“ við úthlutun leyfa. Það er einnig sérkennilegt að talað er um „veiðar á þara“ og „nytjastofna sjávar“ sem flestir telja að eigi við um fiska og dýr.

Það er augljóst hvert verið er að fara með þessu, í stað þess að fara eftir gildandi lögum á að taka eignir af réttmætum eigendum sjávarjarða skref fyrir skref með rangri skilgreiningu á stærð netlaga og í þetta sinn er það þarinn.

### **Til að forminu sé fylgt þá gerum við eftirfarandi athugasemd við II. Kafla 15 .gr. B.**

Samtök eigenda sjávarjarða krefjast þess að farið verði að lögum og að bætt verði inn eftirfarandi texta í 15. gr. B (sjá gullitað hér að neðan): ....sem ná út á 6,88 metra dýpi á stórstraumsfjöru, skal....

Svæði til nýtingar.

Áður en leyfishafi hefur öflun sjávargróðurs innan netlaga sjávarjarða **sem ná út á 6,88 metra dýpi á stórstraums fjöru, skal** hafa náðst samkomulag við landeiganda um heimild til öflunarinnar.

Fyrir hönd stjórnar SES

Ómar Antonsson, formaður

### **Fylgiskjal 1.**

Morgunblaðið sunnudaginn 13. apríl, 2008 Aðsent efni: Grunnsævið gulls ígildi?

**Kortleggja þarf grunnsævið vandlega og meta verðmæti þess segja Jónas Páll Jónasson og Björn Gunnarsson.**

**“Grunnsævið í kringum Ísland (grynnra en 50 m) gegnir veigamiklu hlutverki sem uppeldisslóð fyrir marga okkar helstu nytjafiska.”**

FÆRA má rök fyrir því að grunnu hafsvæðin við Ísland séu ein mikilvægasta auðlind þjóðarinnar. Þar er vagga fjölmargra nytjastofna og þaðan streyma nýliðarnir út á miðin. Töluvert hefur verið fjallað um grunnsævið upp á síðkastið. Meðal annars hafa réttindi sjávarjarða verið í umræðunni;

kolefnisbinding leira hefur borið á góma en einnig hefur verið rætt um landfyllingar, þveranir fjarða og efnistöku úr sjó. Langar okkur aðeins að minnast á nokkra þætti varðandi síðastnefndu atriðin.

## Uppeldisslóðir nytjafiska

Grunnsævið í kringum Ísland (grynnra en 50 m) gegnir veigamiklu hlutverki sem uppeldisslóð fyrir marga okkar helstu nytjafiska. Þó er breytilegt á hvaða dýpi og á hvaða búsvæðum tegundirnar halda sig. Þorskur heldur sig til dæmis á grunnslóð fyrstu æviárin en leitar á dýpra vatn þegar hann nálgast kynþroska. Skarkoli heldur sig á sandbotni ofarlega í fjörunni fyrstu árin en frændi hans sandkolinn liggur nokkru neðar í fjörunni. Þaraskógarnir eru á grunnsævi og mynda oft á tíðum miklar breiður sem innihalda gífurlegan lífmassa og eru skjól fyrir margar fisktegundir. Þá binda þaraskógar og leirur gríðarmikið kolefni en slíkt er núorðið metið til fjár.

## Röskun búsvæða

Þegar sótt er um leyfi til þverunar fjarða, efnistöku eða uppfyllinga fer fram ferli sem getur endað í umhverfismati og ræðst það meðal annars af stærð svæðanna. Þá er til dæmis skoðuð botngerð, lífverusamfélög metin og athugað hvort svæðið sé mikilvægt í ljósi nytja eða hafi verndargildi.

Hingað til hafa áhrif slíkra framkvæmda á nytjastofna verið talin frekar lítil. Oft er um frekar afmörkuð svæði að ræða þegar horft er til efnistöku eða landfyllingar í sjó en þveranir geta haft áhrif á töluvert stærri svæði. Við efnistöku er sandi eða mül er dælt upp og efnið nýtt í uppfyllingar eða við framkvæmdir uppi á landi. Við það myndast gryfjur og tilfærsla á efni á sér stað sem flókið er að spá um. Hingað til hefur slíkt rask verið talið það lítið að það skipti ekki máli þegar horft er til stærðar alls grunnsævisins í kringum Ísland.

## Verðmæti grunnsævis

Hafrannsóknir við Ísland hafa hingað til einkum beinst að landgrunninu þar sem m.a. fást upplýsingar um stærð og samspil nytjastofna. Hins vegar hefur verið stefnt að því um nokkurt skeið að auka vægi rannsókna á fjörðum og öðru grunnsævi. Nýjar rannsóknir Johans Stål og félaga í Svíþjóð hafa sýnt mikilvægi grunnsævis þar við land (<http://www.ub.gu.se/sok/dissdatabas/detaljvy.xml?id=7022>). Í ritgerðinni var meðal annars lagt mat á framlegð uppeldissvæða. Hluti rannsóknarinnar beindist að samspili nytjafiska við ákveðin búsvæði og fólst í því að meta hversu háðar tegundirnar eru ákveðnu búsvæði. Þorskur sýndi tryggð við svæði sem bæði einkenndust af marhálm og þaraskógi en fannst síður á sendnum botni. Niðurstöður voru einkar áhugaverðar hvað varðar skarkolann (rauðsprettu) og sýndu fram á sterk tengsl hans fyrstu tvö árin við sendinn botn á grunnsævi. Johan og félagar mátu það svo að eins ferkílómetra aukning af sendnum botni á 0-10 m dýpi við vesturströnd Svíþjóðar gæfi af sér aukin aflaverðmæti upp á um 3-3,5 milljarða króna (300-360 milljónir SEK) þegar horft var fram til 55 ára. Í þessu tilfelli myndi gróðinn reyndar að miklu leyti færast yfir Eyrarsund þar sem eiðislóðin liggur einkum í landhelgi Dana. Hérlendis hefur slíkt mat ekki farið fram en víst er að verðmæti endins botns á grunnsævi er verulegt. Unnið hefur verið að því um nokkurt skeið að kortleggja útbreiðslu ungvíðis skarkola í fjörum við Ísland. Þéttleiki skarkola í einstaka fjörum við Ísland er á við það sem gerist hæst í Evrópu en það gefur til kynna frjósemi grunnsævisins við Ísland þrátt fyrir norðlæga legu. Fyrir liggur að kortleggja þarf grunnsævið vandlega, meta þarf verðmæti þess og gæta þess að halda raski í lágmarki. Með aukinni byggð og vegabótum eykst eftirspurn eftir strandsvæðum og ágangur á grunnsævi og því er nauðsynlegt að efla rannsóknir enn frekar svo unnt sé að stýra framkvæmdum skynsamlega.

Höfundar eru sjávarlíffræðingar við Háskóla Íslands og Hafrannsóknastofnunina.



## Atvinnuveganefnd Alþingis

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 28. september 2016

### Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðigjald (öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni), þskjl. 1107-679. mál.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) vilja af gefnu tilefni koma umsögn sinni á drögum að frumvarpi til laga um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni til atvinnuveganefndar Alþingis.

Frumvarp það sem liggur fyrir í atvinnuveganefnd, er efnislega sambærilegt og drög að frumvarpi sem að unnið var í atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu fyrir í vetur og SFS sendi umsögn sína um þann 8. mars 2016.

Það er mat samtakanna að sömu efnislegu athugasemdir og sjónarmið eigi við um fyrirleggjandi frumvarp á þingskjali 1107 og gerðar voru við drög að frumvarpi þann 8. mars sl.

Það er skoðun SFS að veruleg óvissa sé um áhrif af stóraukinni uppskeru og nýtingu sjávargróðurs. Í Breiðafirði er að finna afar sérstakt, viðkvæmt, fjölbreytt og frjósamt vistkerfi. Þang og þari myndar mikilvæg búsvæði fyrir ungvíði og hrygningu nytjafiska af mörgum tegundum, þar á meðal þorski, grásleppu og fleiri tegundum. Hér verður því að stíga varlega til jarðar því þari getur náð allt að 20 ára aldri og elsta þang allt að 100 ára aldri. Nauðsynlegt er að gera verður átak í rannsóknum á þessum svæðum Breiðafjarðar og á grundvelli víðtækari rannsóknaspurninga, áður en heimila eigi stóraukna nýtingu sjávargróðurs.

Umsögn SFS frá 8. mars 2016, er hjálögð.

Virðingarfyllst,

Friðrik Friðriksson, hdl.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík



Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. mars 2016

## Umsögn um drög að frumvarpi til laga um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi vilja koma á framfæri eftirfarandi ábendingum um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og nr. 74/2012 um veiðigjald.

Af gögnum máls er ljóst að fyrirhuguð er margföld aukning uppskeru og nýtingar á þangi og þara í Breiðafirði. Einnig kemur fram að forsenda er umtalverðar rannsóknir á útbreiðslu, magni og afrakstursgetu þangs og þara á svæðinu þannig að tryggja megi að uppskeran verði sjálfbær.

Í þessu samhengi viljum við benda á, að mun fleiri þættir þurfa að koma til skoðunar og rannsóknar en framleiðsla og afrakstursgeta þangsins sjálfs, ef tryggja á sjálfbærni og góða umgengni.

Í Breiðafirði er að finna afar sérstakt, viðkvæmt, fjölbreytt og frjósamt vistkerfi. Þang og þari myndar mikilvæg búsvæði fyrir ungvíði og hrygningu nytjafiska af mörgum tegundum, þ.á.m. þorski og grásleppu o.fl. Hér þarf að stíga varlega til jarðar því þari getur náð allt að 20 ára aldri og elsta þang allt að 100 ára aldri.

Það hlýtur að teljast mikilvægt að aflað verði staðgóðrar þekkingar og allra nauðsynlegra upplýsinga um hlutverk og mikilvægi þangs og þara í vistkerfinu, til að hægt sé að leggja mat á hugsanleg áhrif stórauðinnar nýtingar á vistkerfið og möguleika til annarrar nýtingar á svæðinu, áður en leyft er að ráðast í stórfellda aukningu á uppskeru þangs og þara í Breiðafirði. Hér skal einnig bent á að hörpuskel telst nytjategund á þessu svæði.

Frumvarpsdrögin bera með sér að nýting sjávargróðurs í Breiðafirði er í forgrunni, en lagaramminn sem lagt er til að styðjast við er almennur. Þannig er nauðsynlegt að greina og upplýsa um hver er núverandi staða nýtingar sjávargróðurs við Ísland, hvaða svæði teljast til mögulegra nýtingarsvæða, hvaða ákvarðanir hafa verið teknar og hver nýtingaráform eru á næstu árum. Hér þarf líka að greina nánar og upplýsa um, hvort og þá hvar sjávargróður er ræktaður í atvinnuskyni við Ísland.



Greinargerð Hafrannsóknastofnunar er vísir að slíkri greiningu, en bæta þarf verulega úr.

Það er mat samtakanna að það eigi að vera skylt að leita umsagnar Hafrannsóknastofnunar, til að undirbyggja ákvörðun um að skipta nýtingarsvæðum sjávargróðurs utan netlaga. Slíkt er í samræmi við tillögu frumvarpsdraganna um að Hafrannsóknastofnun skuli stunda rannsóknir og vera ráðherra til ráðgjafar um sjávargróður.

Samtökin telja mikilvægt að reynt sé eftir fremsta megni að vernda seiði, ungfiska og aðra nytjafiska við öflun sjávargróðurs. Tillaga um að ekki sé skylt að skilja meðafla frá við öflunar sjávargróðurs gengur gegn þessu, en gróðurinn myndar búsvæði ungfiska og er mikilvægur hluti vistkerfisins.

Í frumvarpsdrögunum er lagt til að lægsta mögulega veiðigjald verði sett á öflun sjávargróðurs eða 1 kr./kg. Samkvæmt 2. gr. laga um veiðigjöld nr. 74/2012 eiga veiðigjöld að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni í heild hlutdeild í þeim arði sem að nýting sjávarauðlinda skapar. Í drögunum er aðeins bent á áætlaðan kostnað Hafrannsóknarstofnunar af fyrirhuguðum rannsóknum á sjávargróðri í Breiðafirði sem er um 52 milljón krónur á næstu þremur árum. Hér þarf að gera mun betur grein fyrir hver er áætlaður kostnaður ríkisins til viðbótar við rannsóknir, af stjórn, eftirliti og umsjón með nýtingu sjávargróðurs, sem og mat á því hver er arðurinn sem nýting sjávargróðursins skapar.

Samtökin geta ekki tekið undir ályktun greinargerðar með frumvarpinu varðandi mat á áhrifum, að ávinningur frumvarpsins sé meiri en svo að réttlætanlegt sé að viðhalda óbreyttu ástandi. Eins og er lýst hér að framan, þá er það mat samtakanna að fyrir hendi sé veruleg óvissa um áhrif af stóraukinni uppskeru og nýtingu sjávargróðurs í Breiðafirði. Gera þarf átak í rannsóknum á þessum svæðum, -- og á grundvelli víðtækari rannsóknaspurninga en áformað virðist vera, -- áður en unnt verður að taka ákvörðun sem heimilar stóraukna nýtingu þeirra.

Virðingarfyllst,



Haukur Þór Hauksson,  
aðstoðarframkvæmdastjóri SFS



Ágæta Atvinnuveganefnd Alþingis. Sveitarstjóri Reykhólahrepps.

Ég þakka tækifæri til að koma athugasemdum á framfæri við ykkur á fundi í morgun og ég vil ennfremur nýta þann kost sem mér var bent á að velkomið væri að nota og senda ykkur þessa stuttu samantekt:

Þörungaverksmiðjan, ÞV, hefur lagt ríka áherslu á að komið verði á regluverki sem tryggir stjórnun á nýtingu þangs og þara hér við land. Í því sambandi telur ÞV sérstaklega mikilvægt að þær tillögur að breytingum á þingskjali 1107, sem ræddar voru á fundi atvinnuveganefndar hinn 28. 09. 2016 og varða leyfisbindingu nýtingarinnar (leyfi til starfrækslu móttökustöðvar fyrir þang) verði teknar til greina og komið verði á skipulagi sem tryggi rekstur einstakra móttökustöðva til langs tíma.

Í umræðu síðustu daga og vikna hefur heyrst að fara verði varlega í lagasetningunni; hún sé ekki tímabær fyrir en búið sé að rannsaka auðlindina. Í þessari afstöðu felst mikill missskilningur enda býður óbreytt ástand uppá óhefta sókn með tilheyrandi hættu á umtalsverðum áföllum. Gangi slíkt eftir getur það þýtt tortímingu þeirrar atvinnugreinar sem stunduð hefur verið á Reykhólum í yfir 40 ár. Það er ekki einungis vegna þess að mögulega verði bitist um auðlind sem ekki dugar handa þeim sem um hana keppa heldur einnig vegna þess að fjárfestingaráform missa grundvöll sinn; slík áform verða að grundvallast á stöðugleika og fyrirsjáanleika.

Á framangreindum fundi atvinnuveganefndar kom til umræðu fyrirhugað ákvæði þar sem gert verður ráð fyrir forgangi ÞV til þess að fá leyfi fyrir 15.000 tonna móttökustöð þangs. ÞV lýsti á fundinum áhyggjum sínum af því að leyfi fyrir minna en 20.000 tonnum muni skerða möguleika ÞV til þess að nýta þá fjárfestingu sem lagt hefur verið í á undanförunum árum til uppbyggingar á verksmiðjunni. Mikilvægt er að löggjafinn sjálfur mæli fyrir um stöðu ÞV í nýju umhverfi. Það að mæla fyrir um stærð leyfis í sjálfum lögnum er ekki einungis mikilvægt vegna viðkvæmrar stöðu þessa rekstraraðila sem alfarið byggir starfsemi sína á umræddri nýtingu og vegna viðkvæmrar stöðu Reykhóla sem einnig byggir tilveru sína á henni. Slík fyrirmæli í lögnum eru einnig mikilvæg af lagalegum ástæðum: Hér er um að ræða fyrirhugaða leyfisbindingu á starfsemi sem ÞV hefur stundað í meira en fjóra áratugi. Í slíkri leyfisbindingu getur falist skerðing á viðkomandi atvinnuréttindum ÞV sem ekki er heimilt að skerða nema skv. fyrirmælum laga. Sé það lagt í hendur ráðherra að mæla fyrir um leyfið án tillits til umræddrar fjörutíu ára starfsemi kann slíkt fyrirkomulag að fela í sér skerðingu á atvinnuréttindum með þeim hætti að ekki standist ákvæði stjórnarskrár.

Þörungaverksmiðjan greiðir nú þegar eigendum sjávarjarða gjald fyrir nýtingu þangs. Það auðlindagjald á öflun þangs sem mælt er fyrir um í frumvarpinu verður til viðbótar því afgjaldi sem greitt er eigendum sjávarjarða. Rökin fyrir gjaldinu í þessu tilfelli tengjast kostnaði af rannsóknum og eftirliti en ekki þjóðareign, svo sem er yfirlýstur tilgangur laga þegar um er að ræða veiðigjald á fiskveiðar. Varðandi veiðigjald þá áréttar ÞV það sem fram kom á framangreindum fundi, þ.e. að varlega skuli farið í að leggja álögur á þessa grein. Jafnframt verður að benda á að áætlanir nýrra aðila um stórauðna nýtingu á þangi og þara er helsta ástæðan fyrir þörf á kostnaðarsömum rannsóknum nú. Það er því ekki með öllu

sanngjarnnt að ákvæði fyrirhugaðra laga virðast munu leiða til þess, verði þau samþykkt, að ÞV verði eini óopinberi aðilinn sem muni kosta yfirstandandi rannsóknir. Einnig verður að benda á að þótt gjaldið virðist ekki hátt á hvert tonn uppúr sjó verður að hafa í huga að ekki er um mjög verðmætt hráefni að ræða, sem þess utan verður fyrir mun meira þygdartapi við vinnslu en á við um fisk.

Þótt ÞV sé ekki sátt við fyrirleggjandi frumvarp að öllu leyti telur hún afar brýnt að það verði að lögum sem fyrst. Þá vankanta sem kunna að vera á frumvarpinu ætti að vera hægt að sníða af á þeim tveimur árum sem ætluð eru til þess skv. ákvæðum þess.

Virðingarfyllst  
Finnur Árnason

**Finnur Árnason**  
**Framkvæmdastjóri / General Manager**  
*Þörungaverksmiðjan hf / Thorverk*  
*Karlsey - 380 Reykholar - Iceland*  
*Beinn sími / Direct line: + 354 434 7803*  
*Gsm / Mobile: + 354 824 0805*  
*[www.thorverk.is](http://www.thorverk.is) Sími / Tel: + 354 434 7740*

